


Skýringar

- Mörk deiliskipulagssvæðis
- Svæðisafmörkun
- Byggingarreitur
- Vegir
- Fjöldi bílastæða
- Ökumenntala og æfingasvæði
- Akstursíþróttir - bifreiðar
- Akstursíþróttir - vélhjól
- Skotæfingasvæði
- Hverfisverndar svæði
- Jarðvegsmön
- Hljóðgírðingar á jarðvegsmön
- Helgunarsvæði vegna háspennulínu sem verður sett í jörð
- Háspennulína sett í jörð
- Núverandi háspennumastur (til skýringar)
- Minjar
- Undirgöng
- Gönguleið



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 (hluti)

Umhverfisskýrsla deiliskipulagsins - niðurstaða og samantekt
 Í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 hefur verið unnin tillaga að deiliskipulagi fyrir aksturs- og skotæfingasvæði í Kapelluhrauni í landi Hafnarfjarðar. Deiliskipulagsstillingar kveður á um gerð kvartnillubrautar, hringakstursbrautar, go-cart brautar, akstursæfingasvæðis, tveggja motorcrossbrauta og skotæfingasvæðis. Ennfremur er gert ráð fyrir nokkrum byggingum á svæðinu sem hýsa ýmsa stóðþætti og aðstoða fyrir starfsmenn, auk íþróttahúss með innviðstöðu fyrir vélhjól, reiðhjól, klifurveg og fl. Alls er Megjinnarinn með uppbyggingu akstursíþróttasvæðis er að sameina á einum stað fjölbreytta aðstöðu og æfingasvæði fyrir aksturs-, vélhjóla- og skotíþróttir og þar með:

- Fara útvegastur vélhjóla inn á skipulagt svæði og bæta með því unngengi við náttúru og minna með því hættu á skegndum á landi
- Þjóða upp á ökumenntalsvæði þar sem m.a. er hægt að efa akstur við erfið skilyrði
- Þjóða upp á skotæfingasvæði þar sem fylsta öryggis er gætt
- Samnýta svæðið fyrir mismunandi notendahópa

Í samræmi við lög nr. 105/2006 hefur verið unnið umhverfismat á deiliskipulagsstillingunni. Við umhverfismatið voru markmið skipulagsstillingunnar meiri út frá fjórum umhverfisþáttum:

- Land, náttúra, menningarmínjar og vistkerfi
- Landslag og ámynd
- Vatn, sjór og andrúmsloft
- Hagrenir og félagslegir þættir

Niðurstaða matsins er á þá leið að neikvæð umhverfisáhrif felist helst í:

- Breytingum á landi, landslagi og ámynd
- Eyðingu hrauna í bága við 37. grein laga um náttúruvernd
- Eyðingu á gróðri og smádyralífi
- Hávaða og áreytu frá starfsmennum
- Övissu um umferðaröryggi gangandi og hjólandi barna og unglinga á leið inn á skipulagssvæðið

Jákvæð umhverfisáhrif felist hins vegar í:

- Hverfisvernd landslags og menningarmínja
- Væðing náttúru utan skipulagssvæðisins
- Hagrenir og samfélagslegum áhrifum með auknu umferðaröryggi vegna betur þjálfaðra okumanna
- Auknum lífsgæðum með lækun umferðarslysa vegna betur þjálfaðra okumanna

Niðurstaða matsins er að framyfngni deiliskipulagsstillingunnar um gerð aksturs- og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni muni ekki hafa í för með sér umhverfisáhrif. Vinna má gegn flestum neikvæðum áhrifum sem fram koma með vöðudóm vinnubrögðum við hönnun svæðisins og með mótvegiságerðum sem gerð er grein fyrir í kafla 8.

GREINARGERÐ

1. INNGANGUR
 Með deiliskipulagi fyrir svæðið er Hafnarfjarðar bætt að mæta kröfum fyrir vaxandi vinsældir bifreiða-, vélhjóla- og skotíþróttar. Með því að tryggja að iðkun aksturs og skotæfingasvæði fái fastan samastað með tilheyrandi aðstöðu og skipulögðum æfinga- og keppnisbrautum er í landinu minnkuð hættu á skegndum á náttúrulegum svæðum.
 Megin markmið með uppbyggingu svæðisins er að sameina á einum stað fjölbreytta aðstöðu og æfingasvæði fyrir aksturs-, vélhjóla- og skotíþróttir og þar með:

- Stuðla að bættu umferðaröryggi
- Færa útvegastur inn á skipulagt svæði og bæta með því unngengi við náttúru og minna hættu á skegndum á landi
- Þjóða upp á ökumenntalsvæði þar sem m.a. er hægt að efa akstur við erfið skilyrði
- Samnýta svæðið fyrir mismunandi notendahópa
- Þjóða upp á skotæfingasvæði þar sem fylsta öryggis er gætt

2. NÚVERANDI AÐSTÆÐUR
 2.1 Landnýting
 Skipulagssvæðið er sem er um 80 ha er í dag staðsett mitt á milli iðnaðarsvæðis og náttúrulegs lundnaðarsvæðis. Núverandi starfsemi á svæðinu er kvartnillubraut, skotæfingasvæði og háspennulína sem þverar svæði frá austri til vesturs. Efnistaka hefur átt sér stað á stórum hluta svæðisins.
 2.2 Minjar
 Samkvæmt fornleifaskráningu minjasafns Hafnarfjarðar eru öllmargar minjar á þeim hluta svæðisins sem er ónærnt. Um svæðið liggur gömul leið frá Straumvík sem mótað hefur tróting í hrauninu. Aðrar minjar eru ýmsar búsetumínjar s.s. geró, fjárhellir og svokölluð Rauðamelsrétt.
 3. SKIPULAGSMÁL
 3.1 Aðalskipulag
 Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og er ætlað fyrir aksturs- og skotíþróttir. Aðliggjandi landnotkun er iðnaðarsvæði að sunnan, vestan og norðan en iðnaðar- og atvinnusvæðum að austan. Auglýsi hefur verið breyting á aðalskipulagi þar sem gert er ráð fyrir að núverandi háspennulína sem liggur um svæðið verði lögð í jörðu.
 3.2 Mat á umhverfisáhrifum
 Samhliða deiliskipulagsáttunni hefur Hafnarfjarðar unnið Umhverfismat fyrir deiliskipulagsáttunum og er hún anglyst samhliða deiliskipulaginu. Þar er gætt grein fyrir umhverfisáhrifum og mengunarvörnum. Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúnað okuteki eru tilkynningarskyldar skv. gr. 11 í viðauka 2 við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun mun síðan mæta hvort framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.
 Áhrif á landslag. Megin hluti svæðisins þar sem uppbygging á sér stað er þegar raskað af efnistöku og núverandi landnýtingu. Æfingasvæði fyrir vélhjól og hluti af hringakstursbraut er á ónærntu en fremur einsleitu hraunasvæði en þar verða malarbrautir felldar inn í landslagið. Stór samfelld hraunasvæði með fjölbreyttu landslagi og minjum er utan við framkvæmdasvæði og haldið ónaertu. Hávaðangun. Sjá meðfylgjandi athugun sem unnið er af Línubönnun.

4. SKILMÁLAR FYRIR SVÆÐI (lengd og breidd brauta er til skýringar)
 4.1 Ökumenntala og æfingasvæði, stærð 39.903 m²
 o Braut með bundnu slitlagi, a.m.k. 12 m breidd og 100 m löng.

o Braut (þurr bein braut) með lausu malarýfirborði, a.m.k. 12 m breidd og 200 m löng.
 o Braut (hálf bein braut) með ýfirborði sem hægt er að gera hált, t.d. með því að spræna vatni á brautina. a.m.k. 9 m breidd og 100 m löng.
 o Braut (hálf braut í boga) með sérstöku ýfirborði sem hægt er að gera hált, t.d. með því að spræna vatni á brautina. Brautin skal vera 80 metra löng og 9 m breidd og í boga, radius 50 m frá ytri brún brautar. Í framhaldi af bogabraitinni skal vera 20 metra löng öryggisbraut með bundnu slitlagi.
 o Braut með bundnu slitlagi, a.m.k. 80 m löng og a.m.k. 5 m breidd, skal vera samhliða svæði með malarýfirborði sem skal vera hægra megin við fyrirlaða akstursstæðu á brautinni. Svæðið skal vera a.m.k. 60 cm breitt og a.m.k. 8 cm lægri en ýfirborð brútarinnar. Brún af braut á svæði skal vera með a.m.k. 60° halla.
 o Aðkeyrslubraut skal vera til aksturs að öllum kennslubrautum. Gert er ráð fyrir að á henni sé með götu móti unnt að ná 70 km/klst hraða og aka á þeim hraða um stund áður en ekið er inn á brautina sjálfá. Aðkeyrslubraut skal vera a.m.k. 180 m löng og a.m.k. 5 m breidd.
 4.2 Akstursíþróttir - bifreiðar, stærð 151.382 m²
 o Kvartnillubraut 402 m, heildarlengd 980 m með öryggisvæði. 11 m breidd með bundnu slitlagi. Tengist hringakstursbrautum og mögulega ökumenntalsvæði. Brautinni fylgir plan (píttur).
 o Hringakstursbraut, 625 m löng, 10 m breidd með bundnu slitlagi sem tengist kvartnillubraut og lengri hringakstursbraut.
 o Hringakstursbraut, 1230 m löng, 10 m breidd með bundnu slitlagi sem tengist kvartnillubraut og styttri hringakstursbraut.
 o Go-Kart braut 700 m löng, 8 m breidd með bundnu slitlagi tengist íþróttahúsi. Brautin er jafnfarm hugsað fyrir ísakstur á hjólu yfir vetrartímann og er þá sprautað vatni á hana.
 o Sandþyrna, 200 m löng og 10 m breidd braut innan minni hringakstursbrautar.
 o Götukappakstur, á kvartnillu- og hringakstursbrautum.
 4.3 Akstursíþróttir - vélhjól, stærð 93.297 m²
 o Motorcross 1,7 km löng malarbraut. Ráðlögð breidd er 8m en lármarks breidd er 5m. Rískaffli skal vera 80m breiddur og á milli 80m og 120m langur og leitast skal við að hafa fyrstu beygju til hægri og 10m breidda. Brautinni fylgir startsvæði og plan (píttur).
 o Minicross 0,7 km löng malarbraut. Brautinni fylgir plan (píttur).
 o Ísakstur, 700 m löng, 8 m breidd með bundnu slitlagi Brautin verður nýtt yfir vetrartímann og er þá sprautað vatni á hana. Jafnfarm er hún ætlað fyrir go-kart á sumrin.
 4.4 Skotæfingasvæði, stærð 61.080 m²
 Skotstæfa frá völlum er til norð-austurs til þess að þarfa ekki að miða á móti sól. Jarðvegsmön og við vella og í útjarði svæðisins.
 o Skeet vellir, (olympísk keppnisgrein) tveir vellir 40 m breiddir og 20 m djúpir. Öryggisvæði í skotlinu 270 m, hættusvæði 50-60 m.
 o Norðisk Trapp völlum, (norran skotgrein) 25 m breiddur og 15 m djúpur með 270 m öryggisvæði í skotlinu. Hættusvæði 50-60 m.
 4.5 Hverfisverndar svæði, stærð 155.430 m²
 Hverfisverndaða svæðið er umhverfis mínjar og þann hluta af hrauninu sem er haldið öröskuðu. Hverfisvernduðu svæðinu má ekki raska og er allur akstur innan þeirra bannaður. Viðkvæmtu svæðin verða afgirt.

5. SKILMÁLAR FYRIR BYGGINGAR
 5.1 Stjórnstöð og þjónustuhús fyrir akstursæfingasvæði
 o Stærð byggingar allt að 500 m² á einni hæð
 5.2 Félagshúsi
 o Stærð byggingar allt að 240 m² á einni hæð
 5.3 Íþróttahús
 o Fyrir Superstar, Innanhúsi Trail, BMX/Trial reiðhjól, hjólabretta- og línuskautarampar, klifurvegir, Go-kart
 o Stærð byggingar allt að 8160 m² (68x120 m) vegghæð allt að 10 og mannhæð allt að 14 m.
 5.4 Stjórnstöð fyrir ökumenntala
 o Stærð byggingar allt að 240 m² á einni hæð
 5.5 Félagshúsi og aðstoða fyrir skotæfingasvæði
 o Stærð byggingar allt að 100 m² á einni hæð
 o Tveir turnar og dómarskýli
 5.6 Dreifistöð fyrir HS með kvöð um aðkomu frá bílastæðavegi
 o Stærð lóðar 11,4 x 7,2 m

6. BÍLASTÆÐI
 6.1 Félagshúsi, stjórnstöð, þjónustuhús og akstursíþróttasvæði
 o Gert er ráð fyrir samtals 432 bílastæðum á þremur bílastæðasvæðum.
 6.2 Íþróttahús
 o Gert er ráð fyrir 96 bílastæðum.
 6.3 Ökumenntalsvæði
 o Gert er ráð fyrir 96 bílastæðum.
 6.4 Skotæfingasvæði
 o Gert er ráð fyrir 80 bílastæðum.
 Á öllu svæðinu er gert ráð fyrir samtals 724 bílastæðum.

7. JARÐVEGSMANIR
 7.1 Til þess að draga úr hávaðangun er gert er ráð fyrir jarðvegsmönnum í samræmi við hjóðvistargreiningu Línubönnunar frá nóvember 2007 umhverfis motorcrossbrautir. Endanleg útfærsla þeirra er háð fyrirkomulagi á iðnaðarsvæðum sunnan við deiliskipulagið og væntanlegri ábýðing við lok skipulagsáttabilsins 2025. Hins vegar er gert ráð fyrir 2-4 m hlum jarðvegsmönnum til aðskilnaðar á mismunandi starfsemi innan svæðisins og í jaðri þess. Þá er gert ráð fyrir að núverandi hraunjaðar verði nýttur sem hluti af jarðvegsmönnum. Jarðvegsmannir verði jafnfarm nýttar sem áhorfendavæði.
 8. GÖNGULEIÐIR
 8.1 Gömul gönguleið er mörkuð í hrauninu og er hún innan hverfisverndaðs svæðis. Gönguleiðin er hluti af fornu leið frá Straumi og að Gáseli, Fornaseli og Fjörðubraut og skal vera aðgengileg fyrir úrivistarfólk.
 8.2 Gönguleiðir á milli mismunandi svæða fylgja vegum og bílastæðum auk þess sem gert er ráð fyrir samnýtingu á undirgöngum fyrir gangandi og leið vélhjóla að motorcross brautum.

Deiliskipulag þetta var samþykkt af skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar þann 12.6.08

F.h. skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð samkvæmt 25. grein í lögum nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 2.9.08

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Skipulagsstofnun hefur fengið þessi gögn til yfirferðar samkvæmt lögum nr. 73/1997 m.s.br.

Deiliskipulag þetta ófölat gildi þann: _____

Breytt 9.júní 2008, vegna dreifistöðvar fyrir HS 21.07.2008 - bætt inn í "Umhverfisskýrsla deiliskipulagsins - niðurstaða og samantekt" - skv. Skipulagsstofnun

Aksturs- og skotæfingasvæði í Kapelluhrauni

Deiliskipulagsuppráttur

Dagsetning: 31.10.2007	Mkv.: 1:5000	Telkn. yfj. þrs
Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt F.L.A.		

Telkn. nr. D-61	Breytt
Verk nr. 1400-DU07	14.12.07
Hannað: YPL	07.04.08
	21.04.08

LANDMÖTUN. Hamraborg 12, 200 Kópavogi - sími: 575 5300 - fax: 554 5360 - netf. landmotun@landmotun.is